

Mál nr. 343/2013
M
og V v/ frjálsra ábyrgðartrygginga A og B.

Líkamstjón þegar loftplata datt úr lofti 22. júní 2009.

Gögn.

1. Málskot móttengið 8. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 22. október 2013.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hún var við vinnu sína í skrifstofuhúsnæði. Á vinnustaðnum höfðu starfsmenn A og B verið að vinna að viðhaldi húsnæðisins. Af gögnum frá V að dæma verður lagt til grundvallar að það hafi verið starfsmenn B sem hafi unnið að því að leggja rafmagnsrör fyrir ofan loftaplötur og hluti af þeirra starfi hafi því falist í því að losa um slíkar plötur í loftinu.

M heldur því fram að hún hafi fengið loftplötu í höfuðið og við það hlotið líkamstjón. M telur að þeir starfsmenn sem hafi verið að vinna við viðhald húseignarinnar beri ábyrgð á því að loftplatan losnaði og lenti á höfði hennar. Hún telur m.t.t. reglunnar um vinnuveitandaábyrgð að B eða A beri því skaðabótaábyrgð gagnvart henni. Þar sem bæði fyrirtæki eru tryggð hjá V beri V að greiða henni skaðabætur úr ábyrgðartryggingu vegna líkamstjónsins.

V telur, eins og áður segir, að það hafi verið starfsmenn B sem hafi verið við vinnu nálægt M þegar hún varð fyrir líkamstjóni. V telur hins vegar ósannað að tjón M verði rakið háttsemi starfsmanna B eða atvika sem B ber skaðabótaábyrgð á. V hefur eftir forsvarsmanni B að starfsmenn hans hafi verið við vinnu fjarri M og hafi ekki átt við þá loftplötu sem fallið hafi á M. Það hafi auk þess verið fleiri iðnaðarmenn á svæðinu sem og hafi ástand loftsins ekki verið gott. Það sé aðstæður sem B geti ekki borið skaðabótaábyrgð á og komi því ekki til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og alls ekki úr sambærilegri tryggingu A.

Álit.

Í gögnum málsins er, að því er virðist, óumdeilt að M fékk loftplötu í höfuðið þar sem hún var við vinnu sína. Á sama tíma voru starfsmenn B að vinna við að losa loftplötur í sama rými og M sat. Ekki stoðar að vísa til óstaðfesta skýrslna forsvarsmanna B um að starfsmenn B hafi ekki losað umrædda plötu eða þeir hafi verið fjarri M við vinnu sína. Þykja gögn málsins sýna nægilega skýrlega fram á að líkamstjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna B en þeir hefðu átt að gera frekari ráðstafanir áður en þeir hófu störf við loftið til þess að takmarka hættu á tjóni. Sérstaklega er þá litið til þeirra upplýsinga sem þeir gáfu V um ástand loftsins. Því er fallist á viðurkenningu greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt að fá líkamstjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.